

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
b.t. bæjarstjóra, hr. Haralds L. Haraldssonar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður, 27. júní 2016

Efni: Sjóstangaveiði frá strönd Lónakots fyrir sunnan Straumsvík.

Beiðni um að bæjarstjórn taki til skoðunar þann möguleika að opna veginn niður að strönd við Lónakot sunnan við Straumsvík þannig að hægt verði að stunda þaðan sjóstangaveiði frá landi.

Herra bæjarstjóri,

Fyrir hönd áhugamanna um stangveiði í sjó frá landi langar okkur að beiðast þess að bæjarstjórn taki það til skoðunar og álykti um hvort mögulegt sé að opna á leið niður að strönd við Lónakot fyrir sunnan Straumsvík. Þar er mjög aðdjúpt og fiskur oft alveg upp við land og svæðið því upplagt til veiða frá strönd. Þetta yrði frábær staður fyrir alla stangveiðimenn sem hafa áhuga á útivist og veiði.

Vegurinn niður að ströndinni er nú lokaður með keðju við Reykjanesbrautina. Vonumst við til þess að þar verði breyting á og að bæjarstjórn álykti um að leiðin skuli opnuð.

Með von um að þessu erindi verði vel tekið.

Virðingarfyllst,

Samúel Vilberg Jónsson, Blómvangi 16, Hafnarfirði,

sjálfur og fyrir hönd annarra áhugasamra stangveiðimanna búsettra í Hafnarfirði:

Hauks Bachmann, Hólsbergi 11; og

Vilborgar Reynisdóttur, Sléttahrauni 23, formanns Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar.